

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Silfursmári 12. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 24. október 2023 breytingu á deiliskipulaginu Smárinn vestan Reykjanesbrautar, fyrir lóðina nr. 12 við Silfursmára.

Í breytingunni felst aukning byggingarmagns um 437 m². Hámarksflatarmál húss ofanjarðar eykst úr 1.927 m² í 2.400 m². Fjöldi bílastæða verði óbreyttur eða 55 í heildina. Stærð byggingarreits helst óbreytt.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 15. nóvember 2023.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 29. nóvember 2023